

Nd.

26. Frumvarp til laga

[26. mál]

um breyting á lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Flm.: Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson.

1. gr.

Á eftir 1. másl. 2. málsgr. 5. gr. laganna bætist svo hljóðandi másl.:
Bygging íbúða, sem eigi eru stærri en nú er lögákveðið um verkamannabústaði, er heimil án fjárfestingarleyfis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er ekkert orðið eftir af þeim „röksemdum“, sem beitt var, er þeirri skipun var á komið, að fjárfestingarleyfi þyrfti fyrir byggingu íbúðarhúsa. Þá var sagt í lögnum sjálfum, að öll þessi takmarkandi leyfi skyldu gilda, „meðan hinar miklu atvinnuframkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir.“ En nú er í stað hinna miklu framkvæmda komið mikið atvinnuleysi og því engin ástæða til að leyfa ekki vinnu við svo nauðsynlegt starf sem byggingu hóflegra íbúðarhúsa.

Enn fremur eru allar þær forsendur brostnar, sem fjárhagsráði var lagt á herðar að byggja á, er því var vald gefið til takmörkunar á byggingarstarfsemi landsmanna. Í lögum um fjárhagsráð var ráðinu fyrirskipað að miða störf sín við eftirfarandi:

„1. Að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.

2. Að öllum vinnandi mönnum, og þó sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku. . . .

8. Að húsnæðisskortur og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa.“

En afleiðingarnar af starfi fjárhagsráðs hafa orðið þær í fyrsta lagi, að framleiðslugetan er miklu verr hagnýtt en 1947, er ráðið tók til starfa, í öðru lagi, að verkfærir menn, sem allir höfðu örugga og næga atvinnu, er ráðið tók til starfa 1947, hafa nú stopula og ónóga vinnu og byggingarverkamenn hafa þjáðst af atvinnuleysi, og í þriðja lagi, að húsnæðisskortur er nú meiri og verr unnið að því að útrýma honum en gert var áður en ráðið tók til starfa. 1946 voru t. d. byggðar 634 íbúðir í Reykjavík, en 1951 aðeins 280. — Það er því full ástæða til, að einstaklingarnir fái sjálfir að bjarga sér sem best þeir geta, þegar afskipti ríkisstjórnarinnar reynast svo slæm.

Alþingi hefur áður látið í ljós vilja sinn til að gefa frjálsar smáíbúðir, þótt laga-breytingar í þá átt væru hindraðar með afskiptum utan frá. Flutningsmenn álíta nauðsyn, að nú þegar í byrjun þings séu íbúðir af þessari stærð, er hér greinir, gefnar frjálsar, en munu síðar bera fram ýtarlegri tillögur um að tryggja byggingarefni og lánsfé til byggingarstarfsemi landsmanna.